

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
130. fundur.

**Miðvikudaginn 27. febrúar 2013 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.**

**Dagskrá:**

- 1. Daníel Gunnarsson framkvst. Emax mætir til fundar.**
- 2. Skýrsla sveitarstjóra.**
- 3. Fundargerðir:**
  - a) Starfshóps um dreifnám í A-Hún, dags. 21. jan. 2013.
  - b) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, dags. 7. febr. 2013.
  - c) Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands, dags. 19. des. 2012.
  - d) Stjórnar bs um málefni fatlaðra á Norðurlandi-vestra, dags. 27. des. 2012.
- 4. Reykir, drög að kaupsamningi.**
- 5. Bréf:**
  - a) Frá Samb. ísl. sveitarfél. dags. 14.02.013.
  - b) Frá LS, dags. 18.02.013.
  - c) Frá UMFÍ, dags. 07.02.013
  - d) Frá Landgræðslu ríkisins, dags. 01.02.013.
  - e) Frá Skipulagsstofnun, dags. 31.01.013.
  - f) Frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti, dags. 22.01.013.
  - g) Frá EFS, dags. 21.01.013.
  - h) Frá minjastofnun Íslands, dags. 09.01.013.
  - i) Frá Árdísi G. Erlendsdóttur, dags. 21.01.013.
  - j) Frá Mótsnefnd ísmótsins á Svínavatni 2013, dags. 04.02.013.
  - k) Frá líf styrktarfélag, dags. 07.02.013.
  - l) Frá stjórn júðófélagsins Pardus, dags. 31.01.013.
  - m) Frá FRÆ, dags. 08.02.013.
  - n) Frá Eyðibýli á Íslandi, dags. 15.02.013
- 6. Önnur mál.**

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.05

Eftirfarandi breytingar voru samþykktar á boðaðri dagskrá: Fundargerð Hveravallafélagsins ehf, tekin fyrir undir dagskrárlíð 3. e) Erindi um breytingu á deiliskipulagi Hveravalla tekin fyrir undir dagskrárlíð 5.o)

**1. Daníel Gunnarsson framkvst. Emax mætir til fundar.**

Daníel Gunnarsson, framkvstj. Emax og Páll Jónsson, tæknistjóri mættu til fundar. Rætt var um lélegt ástand á þeim þráðlausa internet tækjabúnaði sem nú er til staðar og er að stofni til orðinn um 6-7 ára gamall. Hreppsnefndarfulltrúar gagnrýndu mjög slaka viðhaldsþjónustu sem hefur viðgengist hjá Emax og að þar þurfi að bæta verulega úr.

Fram kom hjá fulltrúum Emax að endunýja þurfi kerfið með nýrri tækni, TDMA kerfi með 20 mbs hraða, sem býður upp á meira öryggi í þjónustu og aukinni bandvídd, þar sem hægt er að afmarka bandnotkun til hvers notanda. Kanna þarf möguleika á að komast í ljósleiðara tengingar í Vatnsdal og á Húnavöllum. Samþykkt var að fulltrúar Emax geri kostnaðaráætlun á búnaði og uppbyggingu á nýju dreifikerfi og varaafli fyrir notendur í Húnavatnshreppi.

Samþykkt var að taka næst fyrir dagskrárlíð 4. og færast aðrir liðir aftar sem því nemur.

**4. Reykir, drög að kaupsamningi.**

Jakob Sigurjónsson vék af fundi. Haukur Suska sat fundinn undir þessum lið.

Fyrir fundinum liggur kauptilboð til ábúenda á Reykjum, vegna Reykjajarðarinnar, landnúmer 144780.

## Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 130. fundur.

Auk þess lands sem undanþegið er í sölnunni samkv. forkaupsréttartilboði þá eru nú skilgreindar lóðir kringum hitaveitumannvirki RARIK, sem undanskildar eru í sölnunni. Samkvæmt kaupþilboðinu er kaupendum tryggður umferðarréttur og aðgangur að Svínavatni.

Lagt var fram minnisblað frá LEX lögmannsstofu um álitafni tengd framsali hitaréttinda.

Kaupþilboðið var samþykkt með fjórum atkvæðum (PS,MS,IS,HS) gegn þremur (JG, BM, HÓ)

Fulltrúar A-Lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar A-Lista, mótmæla hvernig staðið hefur verið að undirbúningi og sölu á jörðinni Reykjum. Ljóst má vera að þar sem jörðin var ekki auglýst opinberlega er íbúum sveitarfélagsins mismunað verulega. Ætla má að jörðin Reykir ásamt um 260 ærgilda greiðslumarki í sauðfé, sé því seld á undirverði.

Fulltrúar E-lista báðu um fundarhlé og lögðu fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar E-lista ítreka bókun frá 125 fundi hreppsnefndar, um að jörðin Reykir hafi verið boðin til kaups eftir réttum leiðum. Það liggur fyrir lögfræðilegt álit á því að leigusamningurinn um Reyki sé ábúðasamningur og því gildi 27 gr. jarðarlaga um forkaupsrétt ábúenda. Verðmat var unnið af löggiltri fasteignasölu og forkaupsréttartilboð til ábúenda byggði á því.

Fulltrúar A-lista fóru fram á fundarhlé og lögðu fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar A-lista benda á að í lögfræðilíti Páls Arnórs Pálssonar frá 20. ágúst 2012 segir.

“Ég tel að það sé skylda sveitarstjórnarmanna að selja eignir hreppsins á hæsta mögulega verði, ef það er ætlunin að selja á annað borð”

Því til stuðnings vitnar lögmaðurinn í 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Fulltrúar E-lista fóru fram á fundarhlé og lögðu fram eftirfarandi bókun:

Við undirbúning á sölu jarðarinnar var haft samband við lögfræðing Sambands ísl. Sveitarfélaga og sjálfstætt starfandi lögfræðing á löggiltri fasteignasölu. Þeir töldu sveitarfélagið hafa fullan rétt til að bjóða ábúendum jörðina Reyki til kaups á grundvelli verðmats löggiltrar fasteignasölu, enda uppfylli ábúendur 27. gr. jarðalaga nr. 81/2004.

Hreppsnefnd samþykkti stofnun fjögurra lóða úr landi Reykja í Húnavatnshreppi, landnúmer 144780. Lóðirnar eru eftirfarandi: Reykir, Rarik 1. Landnúmer 221432, stærð lóðar 221,2 m<sup>2</sup>. Reykir, Rarik 2. Landnúmer 221433, stærð lóðar 2059 m<sup>2</sup>. Reykir, Rarik 3. Landnúmer 221434, stærð lóðar 110 m<sup>2</sup>. Reykir, Rarik 4. Landnúmer 221436, stærð lóðar 88 m<sup>2</sup>. Lóðirnar eru í eigu Húnavatnshrepps og mannvirki á þeim í eigu RARIK. Lögbylisréttur mun áfram fylgja landnúmerinu 144780.

Hreppsnefnd samþykkti, með fyrirvara um samþykki Landbúnaðarráðuneytis, að framangreindar lóðir verði teknar úr landbúnaðarnotkun.

Hreppsnefnd samþykkti, með fyrirvara um samþykki Landbúnaðarráðuneytis, að eftirfarandi lóðir verði teknar úr landbúnaðarnotkun:

Húnavellir, landnúmer 144750, stærð lóðar 8,55 ha. Skólastjórabústaður, landnúmer 144782, stærð lóðar 686,8 m<sup>2</sup>. Steinholt 8, landnúmer 144793, stærð lóðar 1271,6 m<sup>2</sup>.

Haukur Suska yfirgaf fundinn, Jakob Sigurjónsson kom til fundar.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu fyrir hönd E-listans:

Vegna sölu á hluta Reykjajarðarinnar samþykkir hreppsnefnd að verja allt að 15 milljónum króna af söluverði til fjarskiptamála í sveitarfélaginu og vinnuástöðu nemenda í Húnavallaskóla.

Samþykkt var að fresta afgreiðslu tillögunnar til næsta fundar.

# Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

## 130. fundur.

### 2. Skýrsla sveitarstjóra.

Fulltrúar A-lista, gera alvarlegar athugasemdir við að fulltrúar E-lista hafi einhliða gert tillögu með tölvusamskiptum við lögmann sveitarfélagsins, um hvernig ljúka skildi máli Þorkells Ingimarssonar fyrrverandi skólastjóra, án þess að fulltrúar A-lista fengju tækifæri til að taka afstöðu til málsins.

Sveitarstjóri tekur fram að á fundi hreppsnefndar þann 16. janúar 2013, lá fyrir ákveðin krafa frá lögmanni Þorkells Ingimarssonar og var hún til umfjöllunar. Sveitarstjóra var þá falið að vinna málið áfram í samráði við lögfræðing sveitarfélagsins og í samræmi við umræður á fundinum. Með tölvupósti dags. 30. janúar 2013 gerði lögmaður sveitarfélagsins grein fyrir því að lögmaður Þorkells hafi fallist á tillögu sveitarfélagsins um gr. miskabóta. Eftir að hafa fengið fullvissu um að meirihluti hreppsnefndar gæti felld sig við þessa lausn þá tilkynnti sveitarstjóri lögmanni sveitarfélagsins það.

Fyrir fundinum lá krafa frá lögfræðingi Þorkells Ingimarssonar um miskabætur að upphæð 1.200. þúsund kr. Auk kröfu um lögfræðikostnað að upphæð 500 þúsund kr. auk vsk.

Einnig var gerð krafa um svohljóðandi yfirlýsingu vegna málsins:

### YFIRLÝSING

Þann 10. apríl 2012 kvað innanríkisráðuneytið upp úrskurð í stjórnslumáli Þorkells Ingimarssonar gegn Húnavatnshreppi vegna ráðningar skólastjóra. Ráðuneytið komst að þeirri niðurstöðu að þar sem upplýsingar sem komu fram hjá meðmælendum kunni að hafa haft verulega þýðingu fyrir úrlausn málsins hafi borið að gefa Þorkeli færi á að tjá sig um þær upplýsingar sem þar komu fram og voru honum í óhag. Hafi undirbúningur ákvörðunar um ráðningu ekki verið í samræmi við 13. gr. stjórnslulaga að þessu leyti.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps þykir leitt að málsmeðferð skuli að þessi leyti ekki hafa uppfyllt kröfur stjórnslulaga og mun leitast við að tryggja að hvers konar ákvarðanatöku innan sveitarfélagsins sé í samræmi við stjórnslulög í framtíðinni. Þorkell er beðinn afsökunar á þessu og þakkað gott og óeigingjarnt starf í þágu grunnskólans að Húnavöllum.

Hreppsnefnd samþykkti með fjórum atkvæðum (PS, IS, MS, JS) að ganga að þessum kröfum gegn því að ekki verði gripið til frekari aðgerða af hálfu Þorkells Ingimarssonar og að málinu sé að fullu lokið.

Sveitarstjóri kynnti bráðabirgðatölur vegna uppgjörs 2012.

Fulltrúum í hreppsnefnd er boðið að sitja ársþing USAH sem fram fer á Blönduósi sunnudaginn. 3. mars n.k.

Hreppsnefnd samþykkti 100 þús kr. framlag vegna sólarcellu og lýsingar í Fljótsdraga-skála.

Samþykkt var að staðsetja lokaðan gám á Húnavöllum fyrir flokkað sorp.

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Blöndulú 3 liggur fyrir og er aðgengilegt á heimasíðu stofnunarinnar.

Sóknaráætlun Norðurlands-vestra er aðgengileg á heimasíðu SSNV.

Skýrsla óbyggðanefndar fyrir árið 2009 er komin út. Þar er að finna úrskurði nefndarinnar fyrir svæði 7a (suður), sem nær yfir vestanvert Norðurland, vestan Fnjóskár og austan Blöndu. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu nefndarinnar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
130. fundur.

**3. Fundargerðir:**

**a) Starfshóps um dreifnám í A-Hún, dags. 21. jan. 2013.**

Tillaga dreifnámshóps til sveitarstjórna í A-Hún., um framkvæmdaráð um dreifnám í A-Hún. Framkvæmdaráð um dreifnám í A-Húnavatnssýslu skal undirbúa og annast allan undirbúning að því að dreifnám hefist á Blönduósi haustið 2013. Skipunartími framkvæmdaráðsins er til næstu sveitarstjórnarkosninga vorið 2014. Skipa skal einn fulltrúa og einn til vara frá hverju sveitarfélagi ásamt fræðslustjóra sem vinnur með framkvæmdaráðinu. Framkvæmdaráðið heyrir undir Félags- og skólaþjónustu A-Húnavatnssýslu(FSAH) og skal framkvæmdaráðið leggja fram fjárhagsáætlun fyrir verkefnið sem stjórn FSAH staðfestir eftir umsögn einstakra sveitarfélaga. Öll fjársýsla skal vera í höndum FSAH.

Hreppsnefnd samþykkti tillöguna. Aðalfulltrúi Húnavatnshrepps í framkvæmdaráði um dreifnám í A-Hún verður Birgir Ingþórsson og Þóra Sverrisdóttir til vara.

Fundargerðin að öðru leyti til kynningar.

**b) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, dags. 7. febr. 2013.**

Lögð fram til kynningar.

**c) Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands, dags. 19. des. 2012.**

Lögð fram til kynningar.

**d) Stjórnar bs um málefni fatlaðra á Norðurlandi-vestra, dags. 27. des. 2012.**

Lögð fram til kynningar.

**e) Stjórnar Hveravallafélagsins ehf, dags. 25. febr. 2013.**

Lögð fram til kynningar.

**5. Bréf:**

**a) Frá Samb. ísl. sveitarfél. dags. 14.02.013.**

Efni: Landsþing Sambands ísl. Sveitarfélaga, föstudaginn 15. mars 2013.  
Til kynningar.

**b) Frá LS, dags. 18.02.013.**

Efni: Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf, föstudaginn 15. mars 2013.  
Til kynningar.

**c) Frá UMFÍ, dags. 07.02.013.**

Efni:

- Auglýst eftir umsóknum um að halda 5. Landsmót UMFÍ 50+ árið 2015.
- Auglýst eftir umsóknum um að halda 19. Unglingalandsmót UMFÍ árið 2016.
- Auglýst eftir umsóknum til að halda 28. Landsmót UMFÍ árið 2017 og 29. Landsmót UMFÍ árið 2021.

Til kynningar.

**d) Frá Landgræðslu ríkisins, dags. 01.02.013.**

Efni: Uppsögn á samningi um uppgræðslu lands á Rugludalsbrúnum.  
Til kynningar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
130. fundur.

**e) Frá Skipulagsstofnun, dags. 31.01.013.**

Efni: Deiliskipulag efnistökusvæðis í landi Æsustaða í Langadal, Húnavatnshreppi.  
Fram kemur í erindinu að Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við að Húnavatnshreppur birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartínda.

Deiliskipulagstillagan verður auglýst í B-deild Stjórnartínda þegar breyting á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022, vegna efnistökusvæðisins, hefur tekið gildi.

**f) Frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti, dags. 22.01.013.**

Efni: Tilkynning um að Námsmatsstofnun hafi umsjón með framkvæmd ytra mats á leik- og grunnskólum.

Til kynningar.

**g) Frá EFS, dags. 21.01.013.**

Efni: Fjarhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga.  
EFS óskar ekki eftir frekari upplýsingum frá sveitarfélaginu vegna skyldu þess að útbúa áætlun í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 502/2012.

Til kynningar.

**h) Frá Minjastofnun Íslands, dags. 09.01.013.**

Efni: Frá og með 1. janúar 2013 tóku gildi ný lög um menningarminjar. nr. 80/2012. Þá féllu úr gildi þjóðminjalög nr. 107/2001 og lög um húsfriðun nr. 104/2001. Með gildistöku þessara laga voru Fornleifavernd ríkisins og Húsfriðunarnefnd ríkisins lagðar niður og ný stofnun, Minjastofnun Íslands tók til starfa. Minjastofnun Íslands tekur við öllum verkefnum Fornleifaverndar og Húsfriðunarnefndar ríkisins.

Til kynningar. Erindið verður sent byggingarfulltrúa Húnavatnshrepps.

**i) Frá Árdísi G. Erlendsdóttur, dags. 21.01.013.**

Efni: Nafnabreyting á sumarbústaðalandi.  
Óskað er eftir að sumarbústaðarland sem nú er nefnt Stóra-Giljá land 2. Fastanúmer 233-7854, verði skráð sem Helgulant.

Þóra Sverrisdóttir sat hjá við afgreiðlu þessa erindis. Jakob Sigurjónsson tók við stjórn fundarins undir þessum lið.

Hreppsnefnd samþykkti erindið.

**j) Frá Mótsnefnd ísmótsins á Svínavatni 2013, dags. 04.02.013.**

Efni: Styrkbeiðni vegna ísmóts á Svínavatni.

Björn Magnússon sat hjá við afgreiðslu þessa erindis þar sem hann var umsækjandi f.h. mótsnefndar. Hreppsnefnd samþykkti að styrkja Ísmótið um 20 þúsund kr.

**k) Frá líf styrktarfélag, dags. 07.02.013.**

Efni: Beiðni um að styrkja LÍFStöltilið 2013, sem haldið er í reiðhöll hestamannafélagsins Harðar í Mosfellsbæ, til styrktar kvennadeildar Landspítalans.

Hreppsnefnd hafnaði erindinu.

**l) Frá stjórn júðófélagsins Pardus, dags. 31.01.013.**

Efni: Umsókn um styrk að upphæð 200 þúsund kr. vegna kaupa á dýnum fyrir júðófélagið.

Hjálmar Ólafsson sat hjá undir þessum lið þar sem hann sækir um þennan styrk fyrir hönd stjórnar. Hreppsnefnd samþykkti að styrkja júðófélagið um 100 þúsund kr.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
130. fundur.

**m) Frá FRÆ, dags. 08.02.013.**

Efni: Beiðni um styrk að upphæð 25 þúsund kr. vegna endurútgáfu á ritinu Fíkniefni og forvarnir – handbók fyrir heimili og skóla.

Hreppsnefnd hafnaði erindinu.

**n) Frá Eyðibýli á Íslandi, dags. 15.02.013**

Efni: Óskað er eftir styrk að upphæð 100 þúsund kr. við verkefnið Eyðibýli á Íslandi til að mæta kostnaði við rannsóknir á Norðurlandi vestra sumarið 2013. Jafnframt er annars konar stuðningur vel þeginn svo sem ábendingar um aðila heima í héraði sem gætu veitt upplýsingar um jarðir og býli.

Samþykkt var að fresta umfjöllun um erindið til næsta fundar.

**o) Frá Ásgeiri Jónssyni, landfræðingi, dags. 24. 01. 013.**

Efni: Með erindi dags. 24. janúar 2013 óskar Ásgeir Jónsson, landfærðingur, f.h. Hveravallafélagsins ehf, eftir að breyting á deiliskipulagi Hveravalla verði tekin til formlegrar skipulagsafgreiðslu. Með erindinu fylgir skýringaruppráttur ásamt upprætti af gildandi deiliskipulagi og breyttu deiliskipulagi, auk greinargerðar.

Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022, en þar er skilgreint verslunar- og þjónustusvæði á Hveravöllum.

*Deiliskipulag fyrir Hveravelli gerir nú þegar ráð fyrir allnokkurri uppbyggingu á svæðinu og að jarðhiti verði nýttur við upphitun húsa, með tilheyrandi lögnum. Einnig er gert ráð fyrir rotþró með siturlögn. Þá er í gildandi deiliskipulagi gert er ráð fyrir göngustígum, úr timbri, um hverasvæðið. Hluti skipulagssvæðisins er friðlýst verndarsvæði, skv. augl. frá 25 apríl 1975.*

*Frá því að deiliskipulagið var samþykkt hefur orðið sú breyting að borað hefur verið eftir heitu og köldu vatni og eru þær holur báðar utan skipulagssvæðisins.*

*Breytt deiliskipulag gerir ráð fyrir breyttri lagnaleið inn á svæðið og í heild styttri lagnaleið innan skipulagssvæðisins. Þá styttest lagnir innan verndarsvæðisins verulega. Samhliða því er hætt við að gera ráð fyrir virkjun Nýja-Hvers en í stað þess verður vatn sótt í borholu utan skipulagssvæðisins.*

*Gert er ráð fyrir bættri virkni rotþróar/hreinsivirkis – staðsetning er óbreytt frá núverandi deiliskipulagi.*

*Þá er sú breyting gerð varðandi göngustíga að gert er ráð fyrir útskotum út frá núverandi göngustíg, að ákveðnum hverum og er það gert til að vernda svæðið kring um hveraaugun fyrir traðki.*

*Það er því niðurstaða hreppsnefndar að ofangreint sé óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi, enda eru engar nýjar framkvæmdir ráðgerðar frá gildandi deiliskipulagi. Lagnaleið er færð til að hluta og styttest heldur innan skipulagssvæðis og er hert á kröfum varðandi frárennsli til að bæta skilvirkni rotþróar. Þá er verndun hverasvæðis treyst með stuttum göngustígum.*

*Hreppsnefnd telur ekki ástæðu til að grenndarkynna deiliskipulagstillöguna.*

*Umhverfisstofnun verður kynnt niðurstaða hreppsnefndar.*

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
130. fundur.

**6. Önnur mál.**

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

Skipuð verði nefnd sem móti reglur vegna viðhalds og nýbyggingar girðinga sem Húnavatnshreppur á kostnaðarhlutdeild í.

Nefndin verði skipuð þrem fulltrúum. Einum frá meirihluta, einum frá minnihluta og einum frá fjallskiladeild Grímstungu- og Haukagilsheiðar.

Skipað verður í nefndina á næsta fundi hreppsnefndar.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert .

Fundi slitið kl. 19.20

---

Þóra Sverrisdóttir

---

Jón Gíslason

---

Jakob Sigurjónsson

---

Björn Magnússon

---

Magnús R. Sigurðsson

---

Hjálmar Ólafsson

---

Ingibjörg Sigurðardóttir

---

Jens P Jensen

---

Haukur Suska Garðarsson